

1999 nr. 90 30. nóvember**Lög um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum**

Tóku gildi 10. desember 1999. EES-samningurinn: IX. viðauki tilskipun 98/26/EB.

I. kafli. Gildissvið og skilgreiningar.

■ **1. gr.** Ákvæði þessara laga taka til greiðslukerfis sem rek-
ið er hér á landi og sem tilkynnt hefur verið í samræmi við
ákvæði 3. gr. laganna.

■ **2. gr.** Í lögum þessum merkir:

1. *Greiðslukerfi*: Formlegt fyrirkomulag þriggja eða fleiri
þátttakenda sem byggist á sameiginlegum reglum og stöðl-
uðu fyrirkomulagi við framkvæmd *greiðslufyrirmæla* milli
þeirra, enda hafi a.m.k. einn þátttakendanna aðalskrifstofu
sína hér á landi, og greiðslukerfið fullnægir þeim kröfum sem
gerðar eru og það hefur verið tilkynnt til eftirlitsstofnunar
EFTA (ESA), sbr. 3. gr.

2. *Stofnun*:

a. Viðskiptabanki eða sparisjóður sem hlotið hefur starfs-
leyfi samkvæmt lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og
sparisjóði.

b. Fyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lög-
um nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka
og sparisjóði.

c. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu samkvæmt lögum nr. 13/
1996, um verðbréfavíðskipti.

d. Deild eða deildir í stofnun, sbr. a–c-lið hér að framan,
sem ekki teljast sérstakar persónur að lögum en tilheyra eftir-
litsskyldri erlendri stofnun sem hefur starfsleyfi og útibú hér
á landi.

e. Seðlabanki Íslands eða stofnun með ríkisábyrgð sem
heimild hefur til að stunda að hluta eða öllu leyti starfsemi
sem fellur undir a–c-lið.

3. *Milligönguaðili*: Aðili sem hefur milligöngu fyrir
stofnun í greiðslukerfi og hefur einkarétt á miðlun greiðslu-
fyrirmæla viðkomandi stofnunar.

4. *Uppgjörsaðili*: Aðili sem stofnar og sér um uppgjörs-
reikninga fyrir stofnanir og milligönguaðila og sér um fram-
kvæmd á greiðslufyrirmælum þeirra og veitir þeim eftir at-
vikum lán í þessu skyni.

5. *Greiðslujöfnun*: Að umbreyta í eina kröfu eða skuld-
bindingu mörgum kröfum eða skuldbindingum sem eiga rót
að rekja til greiðslufyrirmæla sem þátttakendur hafa annað-
hvort gefið eða eiga að taka við frá einum eða fleiri þátt-
takendum svo að aðeins ein (nettó) krafa eða skuldbinding
myndast um greiðslu eða greiðsluskyldu þátttakanda.

6. *Uppgjörsreikningur*: Reikningur í seðlabanka, hjá
milligöngu- eða uppgjörsaðila sem er notaður til að varð-
veita innstæður og verðbréf til uppgjörs á greiðslum milli
þátttakenda í greiðslukerfi.

7. *Greiðslufyrirmæli*: Sérhver fyrirmæli þátttakanda um
að móttakanda sem þar er vísað til séu afhentir fjármunir
með því að leggja með reikningsfærslu tiltekna fjárhæð inn
á reikning stofnunar, seðlabanka eða uppgjörsaðila, eða sér-
hver fyrirmæli sem skuldbinda hann eða leysa hann undan
skyldu til að inna af hendi greiðslu eins og hún er nánar skil-
greind í reglum greiðslukerfisins, eða fyrirmæli þátttakanda
um að framselja bein eða óbein eignarréttindi í verðbréfum
með rafrænni eignarskráningu, eða önnur sambærileg fyrir-
mæli.

8. *Greiðslujöfnunarstöð*: Aðili sem vinnur úr greiðslufyr-
irmælum sem berast frá stofnunum og annast greiðslujöfnun
þeirra á milli, einnig milligöngu- og uppgjörsaðili, ef það á
við.

9. *Þátttakandi*: Stofnun, milligönguaðili, greiðslujöfnun-
arstöð eða uppgjörsaðili.

10. *Óbeinn þátttakandi*: Lánastofnun sem fellur undir a-
eða b-lið 2. tölul. um skilgreiningu á stofnun og sem gert
hefur samning við stofnun sem á aðild að greiðslukerfi og
sem gerir lánastofnuninni fært að senda greiðslufyrirmæli í
gegnum greiðslukerfið.

11. *Verðtryggingar*: Allar seljanlegar eignir, þ.m.t. pen-
ingainnstæður, verðbréf og samningar um endurhverf við-
skipti eða aðrir sambærilegir samningar sem gerðir eru eða
lagðir fram til tryggingar í greiðslukerfi eða í seðlabönkum.

12. *Seðlabanki*: Seðlabanki í aðildarríki á Evrópska efna-
hagssvæðinu eða Seðlabanki Evrópu.

■ **3. gr.** Seðlabanki Íslands gerir tillögu til ráðherra um
greiðslukerfi sem hann telur að fullnægi ákvæðum þessara
laga og viðurkennt skal, sbr. 2. mgr., að fenginni umsókn
þeirra aðila sem starfrækja greiðslukerfi hér á landi.

□ Ráðherra skal með auglýsingu sem birt er í Lögbirtinga-
blaðinu kunngerá þau innlendu greiðslukerfi sem viðurkennd
hafa verið og falla undir ákvæði þessara laga og senda til-
kynningu þar um til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

□ Aðilum sem starfrækja greiðslukerfi samkvæmt þessari
grein er skylt að veita Seðlabanka Íslands upplýsingar um
beina og óbeina þátttakendur sem aðild eiga að kerfinu, svo
og breytingar á þeim.

II. kafli. Greiðslujöfnun og greiðslufyrirmæli.

■ **4. gr.** Öll greiðslufyrirmæli, svo og greiðslujöfnun, skulu
vera að öllu leyti bindandi gagnvart þriðja manni, jafnvel þó
að bú þátttakanda sem fyrirmælin gaf sé tekið til gjaldþrota-
skipta, enda séu fyrirmælin komin til greiðslukerfisins áður
en úrskurður um gjaldþrot er kveðinn upp.

□ Sama gildir að því er varðar greiðslufyrirmæli sem koma
til greiðslukerfisins á sama degi og gjaldþrotaskipti á búi þátt-
takanda hefjast en eftir þá stund sem tilgreind er í 6. gr., enda
hafi greiðslujöfnunarstöð, milligöngu- eða uppgjörsaðili sýnt
fram á að hann hafi hvorki vitað né mátt vita um þau.

□ Í greiðslukerfum er skylt að skilgreina hvenær greiðslu-
fyrirmæli teljast vera komin til kerfisins og er afturköllun
þeirra óheimil eftir tímamark það sem tiltekið er í reglum
kerfisins.

■ **5. gr.** Uppgjörsaðili annast efndalok greiðslufyrirmæla í
greiðslukerfi. Allar innstæður eða verðbréf á uppgjörsreik-
ningum eða lántökuréttindi honum tengd er uppgjörsaðila
heimilt að nota til uppgjörs skuldbindinga þátttakanda gagn-
vart greiðslukerfi á þeim degi sem gjaldþrotaskipti hefjast,
sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

III. kafli. Ákvæði er varða gjaldþrotaskipti.

■ **6. gr.** Hafi bú stofnunar verið tekið til gjaldþrotaskipta
skal héraðsdómari tilkynna það þegar í stað til Fjármálaeftir-
irlitsins og Seðlabanka Íslands, með símskeyti, símbrefi eða
rafrænum hætti, enda sé unnt að staðreyna og staðfesta efni
og móttöku tilkynningarinnar. Í úrskurði um gjaldþrot, svo
og tilkynningu um hann, skal koma fram nákvæm tilgreining
þeirrar stundar er úrskurður var kveðinn upp um gjaldþrota-
skipti á búi stofnunar. Tilkynningu sem gerð er samkvæmt
þessari grein skal Fjármálaeftirlitið senda þegar í stað til hlut-

aðeigandi yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu sem aðildarríkin hafa tilgreint sem móttakanda slíkra tilkynninga.

■ **7. gr.** Um réttindi og skyldur þátttakanda í greiðslukerfi sem tekinn hefur verið til gjaldþrotaskipta skal fara eftir lögum sem gilda um hlutaðeigandi greiðslukerfi.

IV. kafli. Vernd veðréttinda gegn gjaldþrotaskiptum á búi veðþola.

■ **8. gr.** Gjaldþrotaskipti á búi þátttakanda eða milligöngu-aðila skulu á engan hátt skerða rétt annarra þátttakanda eða seðlabanka til veðtrygginga. Ávallt er heimilt að innleysa þegar í stað veðtryggingar samkvæmt þessari grein til fullnustu á kröfum annarra þátttakanda eða seðlabanka.

■ **9. gr.** Um veðtryggingu sem veitt er í rafréfum, eða erlendum verðbréfum sem eru rafrænt skráð á viðurkenndan hátt að lögum, skal að öllu leyti fara samkvæmt lögum þess ríkis þar sem rafræn skráning verðbréfanna fer fram.

V. kafli. Upplýsingagjöf vegna þátttöku í greiðslukerfi o.fl.

■ **10. gr.** Þátttakandi í greiðslukerfi skal upplýsa hvern þann sem þess óskar og hefur lögmætra hagsmuna að gæta um það í hvaða greiðslukerfi hann tekur þátt og um helstu reglur sem gilda um starfsemi hlutaðeigandi kerfis.

■ **11. gr.** Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

■ **12. gr.** Um samning óbeins þátttakanda um aðild að greiðslukerfi fer samkvæmt íslenskum lögum.

VI. kafli. Gildistaka o.fl.

■ **13. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ Lög þessi eru sett í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/1999 og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 26 19. maí 1998, um efndir og lok viðskipta í uppgjörskerf-um fyrir verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum.